# Iðjubraut, athafna- og iðnaðarsvæði

## Deiliskipulag

Sveitarfélagið Dalabyggð




DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:1000




SKÝRINGARUPPDRÁTTUR 1:4.000




AÐALSKIPULAG DALABYGGÐAR 2004-2016
Þéttbýlisuppdráttur Búðardals

### SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulagsreits
- Núverandi byggingar
- Lóðamörk
- Götur/gangstétt
- Skipulagt svæði
- (10) Lóðanúmer
- Lóð
- 2.100 Flatarmál lóða í m²
- Byggingareitir húsa
- Gróður til skýringar

### SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 40. og 41.g skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í
skipulags- og byggingarnefnd þann ____________
og í sveitarstjórn Dalabyggðar þann ____________

Lýsingin var auglýst frá 14.05.2020
með athugasemdafresti til 10.06.2020

Tillagan var auglýst frá ____________
með athugasemdafresti til ____________

f.h.Sveitarfélagsins Dalabyggðar ____________

### ÚTDRÁTTUR ÚR GREINARGERÐ

Staðhættir og afmörkun skipulagssvæðis

Skipulagssvæðið er um 3,5 ha að stærð og er staðsett vestan Vesturlandsvegar við norðurjaðar byggðar í Búðardal. Aðkoma að svæðinu er við núverandi tengingu frá þjóðvegi inn á Iðjubraut. Um er að ræða tvær nyrstu lóðirnar á athafnasvæðinu A1 og 13 lóðir á iðnaðarsvæðinu I3. Athafnasvæðið liggur sunnan Iðjubrautar en iðnaðarsvæðið norðan hennar. Á skipulagssvæðinu er nú þegar ein lóð byggð, Iðjubraut 2, sem hýsir starfsemi RARIK. Óbyggði hlutinn er mólendi og framræst deiglendi.

**Samantekt**

Mikil þörf er á lóðum fyrir athafna- og iðnaðarsvæði í Búðardal og er deiliskipulaginu ætlað að koma til móts við þá eftirspurn og stuðla að vexti atvinnulífs með auknu lóðaframboði fyrir mismunandi starfsemi.

Stefnan samræmist markmiðum gildandi aðalskipulags en helsta markmið þess er að *„stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf“* og lögð einnig er lögð áhersla á nokkur sérgreind markmið, þ.á.m. að *“stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi“*.

Stefnan er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfisþætti. Svæðið er í beinu og rökréttu framhaldi af núverandi athafna- og iðnaðarsvæði og núverandi götur og lagnir nýtast fyrir hluta af svæðinu. Heildaráhrif af deiliskipulagstillögunni eru talin vera jákvæð fyrir sveitarfélagið í heild. Áhersla er á góðan frágang umhverfis byggingar og að slíkt verði til fyrirmyndar.

### SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNUR

Skipulagsgögn:

- Deiliskipulagsuppdráttur 1:1.000
- Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016, þéttbýlisuppdráttur
- Skýringaruppdráttur 1:4.000
- Greinargerð

Kortagrunnur:

Skipulagsuppdráttur er teiknaður á kortagrunni sveitarfélagsins.
Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

EFLA

Iðjubraut, athafna- og iðnaðarsvæði
Sveitarfélagið Dalabyggð
Deiliskipulag

| VERK: | BLAÐSTÆRÐ: | UNNIÐ: | RÝNT: |
|---|---|---|---|
| 7538-009 | A2 | sos | mbg |
| MÆLIKVARÐI: | DAGS: | DAGS.BREYT: | |
| 1:1.000/1:4.000 | 11.06.2020 | | |

SAMÞYKKT: TILLAGA